



3. Ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.

Sylvía Pétursdóttir lauk B.Ed.- prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2004 og hóf kennslu þá um haustið í Áslandsskóla í Hafnarfirði.

Undanfarin 5 ár hefur Sylvía annast kennslu yngri nemenda og séð um heimilisfræði í unglिंगadeild. Hún hefur einnig verið í hópi kennara sem leitar leiða til úrlausnar á sértækum hegðunarvandamálum.

Áslandsskóli hefur verið í mikilli uppbyggingu og hefur Sylvía tekið virkan þátt í því starfi með skilvirkum vinnuframlagi sem einkennist af jákvæðum hug í garð kennarastarfsins og skólans. Hún hefur verið virkur þátttakandi í uppbyggingu á sviði SMT- skólafærni, námsmati skólans, morgunstundum og margskonar vinnu með dygðir skólans. Einnig hefur hún komið að Comeniusar-verkefni skólans og verkefni sem eykur tengsl á milli heimilis og skóla og felst í að bangsi fer heim og kynnist lífi nemenda þar og kemur svo aftur í skólann og segir frá. Öllum þessum verkefnum hefur Sylvía skilað með miklum sóma.

Sylvía sinnir starfi sínu af mikilli alúð og virðingu, hún hefur umhyggjusemi og kærleika að leiðarljósi og nær einstaklega vel til nemenda sinna, samstarfsfólks og forráðamanna barnanna.

Gylfi Þ. Gíslason, fyrrverandi menntamálaráðherra, sagði að góður kennari þyrfti „að ná að glæða áhuga nemandans, efla góðvild hans, þroska smekk hans, hvessa vilja hans, styrkja réttisýni hans og auka umbyrðarlyndi hans.“ Sylvía hefur náð góðum árangri í þessum anda.

Sylvía Pétursdóttir er verðugur fulltrúi ungra kennara sem hafa sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.